



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Landbúnaðarnefnd 2. fundur.

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps, þriðjudaginn 8. ágúst 2006.

Allir aðalmenn mættir og einnig Egill Freysteinnsson, fjallskilastjóri.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund og skipaði Hjörleif Sigurðarson sem fundarritara.

2. Tillaga að samningi.

Hjörleifur lagði fram tillögu að samningi milli bænda á Grænavatni og Skútustaðahrepps um fjallskil;

“Bændur á Grænavatni og Skútustaðahreppur gera með sér svohljóðandi samning;

Bændur á Grænavatni taka að sér að sjá um smölun á Framafrétti, austan Krákár, norðan Suðurár, svo og Fjöll og Heilagsdal og bera þann kostnað sem af þeirri smölun hlýst. Einnig tókum við að okkur að sjá um sókn á fé á Víðikersrétt á því fé sem kemu úr afrétti.

Bændur á Grænavatni greiða ekki önnur fjallskylagjöld en hljótast af smölum á umræddu svæði.

Göngur verða gerðar 19. og 20. ágúst á Framafrétt og 2. göngur mánuði síðar. Göngur í Fjöll og Heilagsdal verða gerðar í tengslum við 2.

Austurfjallagöngur.

Gangnatíma má breyta með tilliti til veðurs.”

Landbúnaðarnefnd samþykkir samninginn fyrir sitt leiti enda verði gerður hliðstæður samningur við bændur á Skútustöðum og Álftagerði varðandi Krákárbakkahólf.

3. Jafnað niður göngum.

Jafnað niður göngum á Austurafrétt og gerð svohljóðandi tillaga að fjallskilaseðli og ýmis fyrirmæli, fskj. 1 og 2.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 23:00

Birgir Hauksson
Halldór Árnason
Hjörleifur Sigurðarson
Sigurður Böðvarsson
Sólveig E. Hinriksdóttir